

Sp. 50. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um endurskoðun ákvæða III. kafla almannatryggingalaga, um upphæð slysabóta.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á þeim ákvæðum III. kafla almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur verði hækkaðar.

Greinargerð.

Fyrsti vísir að lögboðinni slysatryggingu hér á landi kom fram með lögum nr. 40 10. nóv. 1903, um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskveiðar á þilskipum. Allt til ársins 1925 náðu lögboðnar slysatryggingar einungis til lögskráðra sjómanna, en það ár var sett löggjöf um slysatryggingu, nr. 44 27. júní, sem einnig náði til verkamanna á landi og iðnaðarmanna. Slysatryggingarlöggjöfin var síðan sameinuð löggjöf um alþýðutryggingar 1936, sbr. lög nr. 26 1. febr. það ár, og hafa síðan verið liður í þeirri löggjöf og síðar lögum um almannatryggingar.

Á fyrstu áratugum slysatryggingar hér á landi voru slysabætur skornar mjög við nögl, vegna þess að slys voru þá svo tíð, að hæfilegar slysabætur voru taldar atvinnuvegunum ofviða. Skýrslur um slysatíðni eru ekki til, en vitað er, að hún hefur lækkað verulega og slysatrygging því orðin ódýrari en áður var.

Árið 1939 nam vikuiðgjald til slysatryggingar af vinnu við húsagerð kr. 0.60. Árið 1958 er iðgjald þetta orðið kr. 4.00, þ. e. 666 $\frac{2}{3}$ % af iðgjaldinu 1939. Árið 1939 nam vikuiðgjald til slysatryggingar sjómanni á 60 tn. fiskiskipi kr. 2.00. Árið 1958 er iðgjald þetta orðið kr. 25. 00, þ. e. 1250% af iðgjaldi 1939, en dánarbætur vegna lögskráðra sjómanna eru síðan 1954 allmiklu hærri en vegna annarra launþega.

Til samanburðar iðgjaldabreytingum síðan 1939 má benda á, að árið 1939 nam tímakaup Dagsbrúnarmanns kr. 1.36, en er nú kr. 21.85, eða 1607% af tímakaupinu 1939, og fylgja því þó nú ýmis friðindi, sem ekki var til að dreifa 1939. Sýnist ljóst af þessu, að hægt muni nú að greiða mun hærri bætur fyrir sambærilegt iðgjald við það, sem atvinnurekendum var gert að greiða 1939.

Slysadagpeningar fyrir einhleypan mann eru nú kr. 22.50 og verðlagsuppbót á dag. Dagpeningar gifts manns með eitt barn eru kr. 29.50 með verðlagsuppbót. Dánarbætur, sem ekkja eða ekkil fær, eru kr. 9000.00 og verðlagsuppbót, nema um ekkju eða ekkil sé að ræða, sem er 50 ára eða eldri og hefur misst 50% eða meira af starfsorku sinni. Þá greiðist auk þess dálitill árlegur lífeyrir. Sé um börn innan 16 ára aldurs að ræða, greiðist auk þess barnalífeyrir, 2400 kr. á ári og verðlagsuppbót, fyrir hvert barn. Foreldri fær frá 3000—9000 kr. og verðlagsuppbót í dánarbætur, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Dánarbætur eftir lögskráða sjómenn eru riflegri, þótt lágar séu, og gilda þar um sérstakar reglur.

Af dæmum þeim, sem hér hafa verið nefnd, liggur í augum uppi, að slysabætur þær, sem nú eru greiddar samkvæmt almannatryggingalögum, eru svo lágar, að þær bæta einungis lítið brot af því tjóni, sem slys valda, og dánarbætur eru það lágar, að ekki er vansalaust. Er því nauðsynlegt, að á þessu verði ráðin bót að því marki, sem fært verður talið að dómi kunnáttumanna.